



Eftirfarandi bókun var samþykkt á fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar, sem fram fór í Neskaupstað 22. ágúst 2016:

„Undirritaður verður í dag, á Norðfjarðarflugvelli, samningur á milli sveitarfélagsins Fjarðabyggðar og Innanríkisráðuneytisins um fjármögnun á framkvæmdum á Norðfjarðarflugvelli, sem gera munu flugvellinum kleift að sinna betur öryggishlutverki sínu, sem hluti af samgöngukerfi landsins.

Bæjarráð vill koma á framfæri sérstöku þakklæti til Samvinnufélags Útgerðarmanna í Neskaupstað og Síldarvinnslunnar hf. vegna aðkomu þessara aðila að fjármögnun verkefnisins með sveitarfélaginu. Þá vill bæjarráð þakka aðkomu Innanríkisráðuneytisins og alþingis að verkefninu, sem tryggir rúman helming fjármagns til framkvæmdarinnar. Bæjarráð áréttar þó, að þátttaka sveitarfélagsins og milliganga um fjármögnun verksins, sem er að öllu leyti á forræði ríkisins, er ekki til eftirbreytni. Ríkisvaldinu ber að tryggja þá innviði samfélagsins sem snúa að öryggis- og heilbrigðismálum landsmanna og skýtur skökku við að sveitarfélögum og fyrirtækjum sé ætluð aðild að slíkum verkefnum.

Þá mótmælir bæjarráð Fjarðabyggðar harðlega þeirri fyrirætlun borgarstjórnar Reykjavíkur að loka NA/SV neyðarbraut Reykjavíkurflugvallar og lýsir jafnframt vonbrigðum með aðgerðarleysi ríkisvaldsins, en óumdeilt er, að þessi ákvörðun Reykjavíkurborgar skerðir þjónustu við íbúa þeirra sveitarfélaga, sem treysta verða á sjúkraflug til höfuðborgarinnar í neyðartilvikum. Það hlýtur jafnframt að teljast undrunarefni, að á sama tíma og sveitarfélag á borð við Fjarðabyggð leitar allra leiða til að tryggja aðstöðu fyrir sjúkraflug, kýs sveitarfélagið Reykjavíkurborg að loka mikilvægri öryggisflugbraut fyrir sjúkraflug á Reykjavíkurflugvelli. Réttur sveitarfélaga er óumdeildur þegar kemur að skipulagsmálum. Borgarstjórn Reykjavíkur má þó vera ljóst, að sjúkraflug liggur til höfuðborgarinnar, þar sem stjórnvöld hafa byggt upp miðlæga sjúkraþjónustu landsins og hátæknisjúkrahús.

Bæjarráð telur brýnt að sveitarfélög víki sér ekki undan því að leita lausna í almannabágu, sem nýst geta fleirum en hverju og einu þeirra. Ríkisstjórn landsins studdi enn fremur á sínum tíma ákvörðun borgaryfirvalda um lokun brautarinnar og hlýtur af þeim sökum að axla ábyrgð á afleiðingum þess með mótvægisáðgerðum. Fjarðabyggð leggur þunga áherslu á að Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldið komist að ásættanlegri niðurstöðu í þessu brýna almannaoöryggismáli.“